

38. Vinnufundur Stjórnar Lagnafélags Íslands með Iðunni

Fundarefni:	Fyrirhuguð kennsluaðstaða Iðunnar í Vatnagörðum 20		
Fundardagur:	27.05.2014	Fundartími:	12.00 – 13.30
Fundarstaður:	Iðan fræðslusetur, Vatnagörðum 20	Fundarritari:	Kristján Oddur
Fundarmenn:	Sveinn Áki Sverrisson (SÁS), Kristján Ottósson (KO), Kristján Oddur Sæbjörnsson (KOS), Jón Guðmundsson (JG), Helgi Pétursson (HP), Gunnar Sigurðsson (GS), Kristján Kristjánsson (KK) og Ólafur Ástgeirsson (ÓÁ)		
Forföll:	Guðmundur Páll Ólafsson (GPÓ) og Birgir Hólm (BH)		

Fyrirhugað er að Iðan Fræðslusetur, áætlað að flytja allan nýtanlegan tækjabúnað úr Lagnakerfamiðstöð Íslands yfir í húsnæði sitt við Vatnagarða 20. Þessi fundur var boðaður af Lagnafélaginu til þess að ræða við Iðunna um fyrirhugaðan flutning og veita þeim stuðning í því.

Rætt var um;

- Ástand búnaðar í Lagnakerfamiðstöðinni, fyrst og fremst loftræsisamstæðu.
- Hvar helstu veikleikar eru og hvar menntunnar er þörf almennt í geiranum. Var þá aðallega rætt um prófanir og frágang lagnakerfa og þá þverfaglegu kunnáttu sem þarf að hafa. Rætt um stjórnkerfisverktakana og blikksmíðameistarana og þá fleti sem vinna þeirra skarast á. Iðan mun setja sig í samband við fulltrúa í rafiðnaðinum vegna þessa. Rætt var um stillingar loftræsikerfa en vöntun hefur verið að námskeiðum fyrir stillingu lagnakerfa.
- KO minntist á að allar líkur séu á að þau fyrirtæki sem gáfu tækjabúnaðinn til Lagnakerfamiðstöðvarinnar eru tilbúinn til að koma að þessari nýju aðstöðu. KO bauðst til að ræða við þá fulltrúa með Iðunni ef þeir óska þess.
- Að lokum buðu fulltrúar Iðunnar stjórnarmönnum í skoðun um nýju bygginguna þar sem fyrirhugaðir kennslu- og vinnusalir voru skoðaðir.

Veitingar voru í boði Iðunnar.